

Útum gluggann

Hrafninn svartur svífur um,
svangur, þreyttur, hrakinn.
Sé ég garð í glugganum,
gamall, lúinn, nakinn.

Uppi svífa skýjin grá,
snjór er upp til fjalla.
Fölnuð laufin liggja hjá,
lóan hætt að kalla.

Vetur kemur kaldur að,
krakkar út'að leika.
Sólin fer á felustað,
fagrar stjörnur reika.